


Barbapabbi

Höfundur: Þórunn Eiríksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



Aðferð:

Handsaumur

Æfing í að klippa

Æfing í að nota snið

Efni:

- ✓ Pappi fyrir snið
- ✓ Filtefni
- ✓ Perlugarn/bómullargarn
- ✓ Tölur/augu
- ✓ Pípuhreinsarar
- ✓ Tróð


Áhöld:

- ✓ Penni
- ✓ Skæri
- ✓ Nál með oddi nr. 18
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Málband
- ✓ Límbyssa
- ✓ Vefnál





Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Teiknaðu Barbapabba eða aðra Barbapersónu á pappír og klipptu út og þá er komið snið.
- 2 Veldu þann lit af filtefni sem þú vilt í persónuna þína.
- 3 Festu sniðið á tvöfalt filtefni með títuprjónum.
- 4 Strikaðu meðfram sniðinu og taktu títuprjónana úr.
- 5 Taktu sniðið af og settu títuprjónana í efnið fyrir innan strikin og klipptu út.



- 6 Finndu stoppunál nr. 18 og perlugarn.
- 7 Þræddu garnið í gegnum nálaraugað og settu hnút á endann.
- 8 Saumaðu saman með tunguspori en skildu eftir op til að setja tróð inn í.
- 9 Settu tróð inn í og saumaðu fyrir gatið.
- 10 Veldu þér augu til að líma á andlitið.
- 11 Taktu þér pípuhrensara í hendur og þræddu hann í vefnál og stingdu honum inn í Barbapabbann með aðstoð kennara.

Tunguspor



Til kennara

Nemendur teikna Barbafigúru á blað og klippa út. Það er líka hentugt að eiga snið sem klippt er út úr þykku kartoni (t.d. utan af morgunkorni) og nemendur geta teiknað eftir. Sumir nemendur ráða varla við að teikna snið sem þeir eru sáttir við.

Filtefni er notað í figúrurnar og klippt tvöfalt eða tvö stykki einfalt fyrir þau sem eiga erfitt með að klippa. Títuprjóna vel saman svo stykkinn haldist á sínum stað meðan verið er að sauma.

Saumað saman með tunguspori og fyllt með tróði. Mynd með vinnulýsingu af tunguspori er gott að hafa við hendina sem nemendur geta hermt eftir.

Andlitið er með hreyfiaugum eða tölum og þau geta teiknað nef og munn. Einnig er hægt að nota litla keypta dúska fyrir nef og sauma munn með aftursting. Filtafgangar eru líka hentugir til andlitsgerðar. Ef notað er heitt lím til að líma t.d. augu og nef þá þarf kennari að aðstoða nemendur við það.

Pípuhreinsari klipptur í tvennt með vírskærum. Hálfur, grannur pípuhreinsari er notaður fyrir hendur og er hann þræddur í gegn með vefnál. Gott er að líma í handarkrikana svo hendur haldist fastar.